

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2021

Niðurstöður

Hestur, Borgarfirði

Nafn	Númer	Aldur	Líffungi	Ómmælingar			Kjötmat						Mælingar á skrokkum				
				Ómv.	Ómf.	Lag	Fallþungi	Gerð	Fita	G/F	Kjöt%	Læra- stig	Frmp.- stig	Fita J	Vídd	V	Dýpt Th
Gimli	20-876	140,8	41,9	31,3	2,6	4,3	18,5	10,8	4,8	2,3	44,0	4,2	4,1	7,1	168,5	265,6	
Galli	20-875	136,8	41,3	31,7	2,9	4,2	17,3	11,5	6,2	1,8	41,9	4,3	4,2	9,6	172,2	262,7	
Ástríkur	20-660	139,0	42,1	29,4	2,7	3,5	17,4	9,2	4,4	2,1	41,3	3,7	3,7	6,6	165,2	270,6	
Stuðull	20-658	138,5	41,9	29,4	2,8	3,9	17,1	9,6	5,5	1,8	40,8	3,8	3,8	6,8	164,6	266,3	
Purs	20-657	137,4	39,6	28,0	2,6	3,5	16,4	8,6	4,6	1,9	41,4	3,6	3,7	6,4	161,1	261,1	
Fontur	20-655	136,4	40,7	29,1	2,7	3,6	16,7	9,5	5,2	1,8	41,0	3,9	3,8	6,7	162,7	264,5	
Pakki	20-653	137,2	40,9	31,1	2,6	4,2	17,0	10,6	4,8	2,2	41,7	4,1	3,9	7,2	167,6	266,2	
Imbi	20-651	137,1	40,5	31,0	2,5	4,0	16,8	10,2	5,2	2,0	41,4	4,1	4,1	7,2	168,5	267,0	
Morrinn	20-650	138,4	42,4	30,0	3,7	3,7	17,8	10,0	5,3	1,9	42,0	4,0	4,1	7,8	172,9	270,2	
Þinur	20-643	139,9	42,0	29,1	3,5	3,6	16,8	9,3	5,0	1,9	39,9	3,9	3,9	7,0	166,7	266,5	
Uggi	19-146	133,6	39,3	30,5	2,6	4,0	16,7	9,7	4,7	2,1	42,5	3,9	3,9	6,1	163,9	265,6	
Meðaltal		137,8	41,1	30,0	2,9	3,9	17,1	9,8	5,1	1,9	41,5	3,9	3,9	7,1	166,4	265,8	

Forsendur: Niðurstöður, bæði úr líflambaskoðun og úr kjötmatshlutanum, byggja eingöngu á hrútlömbum sem eru gengnir tvílembingar. Sláturgögn frá 1. október 2021.

Einn aðkomuhrútur var prófaður í afkvæmarannsókninni á Hesti á móti lambhrútum búsins. Það var hann Uggi 19-146 frá Oddsstöðum. Uggi er sonur Óðins 15-992 frá Skörðum. Þessi hrútur hafði staðið efstur á Oddstöðum haustið áður í afkvæmarannsókn heimahrútanna. Á Hesti voru afkvæmi Ugga ekki mjög afgerandi. Niðurstaðan var að velja tvo heimahrúta fyrir sæðingastöðvarnar, þá Gimla 20-876 og Galla 20-875.

Heydalsá 2 (Nicole og Guðjón), Steingrímsfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Dolli	19-314	Dúlli	17-813	100,7	118,0	124,0	114,2	19,7	12,6	6,9	32,3	3,6	18,1	130,3
Hamur*	19-184	Hamar	18-180	94,9	108,7	115,8	106,5	18,9	10,8	5,8	30,9	2,8	17,8	128,3
Bætir	19-057	Svanur	18-052	105,5	101,2	101,6	102,8	20,2	12,0	7,3	31,3	3,6	17,9	129,7
Hamar	18-180	Lillihamer	17-173	100,9	106,6	99,4	102,3	19,7	11,5	6,5	31,1	3,6	17,9	129,8
Hampur	20-188	Hamar	18-180	98,8	96,7	99,6	98,4	19,4	10,5	6,1	30,3	3,0	17,9	129,7
Garpur*	19-183	Galdur*	17-169	96,9	100,2	88,4	95,2	19,0	11,3	6,8	29,8	3,8	18,1	128,4
Lækur	20-192	Lærlingur	18-175	97,8	92,6	92,2	94,2	19,2	11,0	6,9	30,7	3,5	17,8	132,3
Gandalf*	20-190	Galdur*	17-169	102,8	73,1	76,8	84,2	20,0	10,5	7,5	29,9	3,6	17,8	129,0
Meðalt								19,6	11,3	6,7	30,9	3,4	17,9	129,7

Forsendur: Niðurstöður, bæði úr líflambaskoðun og úr kjötmatshlutanum, byggja eingöngu á hrútlömbum sem eru gengnir tvílembingar. Sláturgögn frá 23. September 2021.

Á Heydalsá voru 8 hrútar í samanburði. Aðkomu hrútar voru þeir Bætir 19-057 frá Broddanesi og Dolli 19-864 (áður 19-314) frá Miðdalsgröf. Dolli átti hér öflugasta lambahópin og stóð uppi sem afgerandi sigurvegari afkvæmarannsóknarinnar. Bætir frá Broddanesi átti einnig ákaflega vel gerðan hóp og var sá

hrútur sem veitti Dolla mesta samkeppni. Hinsvegar bar of mikið á fótagöllum í afkvæmum hans og því var ekki horft til hans sem sæðingastöðvarhrúts. Hamur 19-865 (áður 19-184) stóð annar að heildarstigum. Afkvæmi hans sameina vel að vera hóflega feit en vel gerð. Hópur hans var aðeins undir í þunga. Við val hans var bæði horft til þess að hann hafði átt einn af bestu lambahópunum árið áður og að hann ber lítið næma arfgerð m.t.t. riðuveiki. Þriðji hrúturinn sem valinn var fyrir sæðingastöðvarnar úr rannsókninni var Strandagaldur 19-866 (áður Garpur 19-183). Strandagaldur átti mikið af mjög vel gerðum lömbum í líflambaskoðuninni með sérstaklega öflugan afturpart. Haustið 2020 átti þessi hrútur best gerðu sláturlömbin á Heydalsá. Þá var horft til þess að hann skartar háu kynbótamati fyrir mjólkurlagni og ber lítið næma arfgerð m.t.t. riðuveiki.

Skarðaborg, Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Segull	18-171	Durtur	16-994	104,6	123,5	123,1	117,1	18,1	11,9	6,1	31,9	2,6	17,9	135,2
Kapall	16-109	Tvinni	10-109	103,9	120,9	105,4	110,1	17,9	12,3	6,9	31,9	3,4	17,8	133,8
Hængur	18-024	Lási	13-985	95,1	111,6	121,2	109,3	16,5	11,0	5,8	32,9	3,1	17,7	135,4
Börkur	17-114	Börkur	13-952	103,5	91,1	127,6	107,4	18,0	10,2	6,2	32,4	2,5	17,7	131,9
Plástur	19-071	Arfi	16-039	96,9	118,9	106,1	107,3	17,1	11,7	6,3	31,4	2,9	17,7	133,2
Tenór	20-102	Drjúgur	17-808	98,5	129,7	90,9	106,4	17,3	12,1	6,3	30,1	2,8	17,9	132,5
Heimdallur	18-109	Tinni	15-968	101,4	85,1	108,5	98,4	17,7	11,2	7,5	31,7	3,0	17,7	136,6
Hnöttur	20-115	Suddi	17-120	101,3	104,0	87,2	97,5	17,6	11,3	6,7	30,2	2,8	17,7	134,3
Aron	20-103	Gylfi	16-721	101,1	71,7	101,2	91,3	17,7	9,5	6,8	32,2	3,3	17,6	134,3
Lebron	20-123	Surtur	19-126	98,2	85,6	88,6	90,8	17,3	11,2	7,4	30,8	2,9	17,5	133,9
Gullmoli	20-108	Moli	19-101	97,5	75,4	81,8	84,9	17,2	9,8	6,6	30,2	2,9	17,7	132,7
Tuddi	20-124	Suddi	17-120	97,5	80,5	70,6	82,8	17,2	10,0	6,5	30,0	3,1	17,4	132,2
							Meðalt	17,5	11,1	6,6	31,2	2,9	17,7	133,7

Forsendur: Niðurstöður, bæði úr líflambaskoðun og úr kjötmatshlutanum, byggja eingöngu á hrútlömbum sem eru gengnir tvílembingar. Sláturgögn frá 27. September 2021.

Á Skarðaborg var haldin afkvæmarannsókn sem er sú fyrsta á vegum sæðingastöðvanna í Skjálfandahólfi eftir að hólfið opnaði. Efstur að heildarstigum í rannsókninni stóð Segull 18-171 frá Ingjaldsstöðum. Þetta er ákaflega heilsteyptur og farsæll kynbótahrútur. Afkvæmi hans sameina vel hóflega fitu og góða gerð. Hann hafði staði efstur heima á Ingjaldsstöðum á sínum tíma í samanburði hrúta þar og er jafnframt lofandi sem ærfaðir. Annar í röðinni var Kapall 16-869 (áður 16-109) frá Hvoli. Þetta var einn sterkasti gerðarhrúturinn í samanburðinum og stóð hann efstur fyrir gerð sláturlamba. Kapall var fenginn á sæðingastöðvarnar í kjölfarið. Hængur 18-024 frá Stafni kemur síðan þriðji. Hann átti mikið af álitlegum ásetningsslömbum enda með hörku gott kynbótamat fyrir frjósemi og mjólkurlagni. Sláturhópur hans er léttari en annarra hrúta og er það að hluta til vegna þess að meira var skilið eftir af líflömbum undan honum en flestum öðrum. Þessi hrútur drapst um sumarið. Fjórði aðkomuhrúturinn í

Þessari afkvæmarannsókn var Plástur 19-071 frá Litlu-Reykjum. Plástur átti hér góðan afkvæmahóp og var útkoma hans vel yfir meðallagi í þessum samanburði. Suddi 17-872 frá Skarðaborg átti að vera í þessum samanburði en veiktist því miður á fengitímanum og náði því ekki nægum fjölda afkvæma til að vera með í uppgjörinu.

Sveinungsvík, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hnokki	19-252	Fáfnir	16-995	101,4	109,7	115,7	108,9	18,6	11,5	7,0	31,2	3,0	17,9	133,9
Kurdo	20-208	Kebab	19-209	104,2	105,5	112,0	107,2	19,0	10,7	6,4	30,6	2,8	18,0	133,5
Kópur	19-214	Durtur	16-994	86,8	109,1	105,8	100,6	17,2	10,9	6,2	30,4	2,7	17,6	132,0
Blessi	20-204	Þessi	19-204	103,4	111,0	86,2	100,2	18,9	11,0	6,4	29,7	2,7	17,5	134,1
Kebab	19-209	Askur	17-403	102,5	84,6	110,6	99,2	18,8	10,5	7,1	30,5	2,5	17,8	132,9
Kæstur	20-201	Æstur svei	18-208	101,4	92,7	102,7	98,9	18,6	10,6	6,8	30,1	2,5	17,6	134,3
Döner	20-207	Kebab	19-209	101,0	105,1	86,3	97,5	18,6	11,1	6,8	29,2	2,6	17,9	133,6
Gáttur	19-151	Blöndal	17-321	99,0	83,9	81,0	87,9	18,4	10,0	6,5	29,4	2,6	17,4	133,3
							Meðalt	18,5	10,8	6,7	30,1	2,7	17,7	133,5

Forsendur: Niðurstöður, bæði úr líflambaskoðun og úr kjötmatshlutunum, byggja eingöngu á hrútlömbum sem eru gengnir tvílembingar. Sláturgögn frá 7 sept og 28. september 2021.

Hnokki 19-874 (áður 19-252) frá Garði í Þistilfirði var sigurvegarinn í þessari afkvæmarannsókn. Hann skilaði áberandi þéttum og vel byggðum lömbum. Ásamt Hnokka var heimahrúturinn Kurdo 20-878 fenginn á sæðingastöð. Kurdo átti heilmikið af álitlegum líflömbum og skilaði góðum þroska. Þá var einnig horft til þess að hann væri góður fulltrúi til að viðhalda móbotnótta litnum og að hann ber lítið næma arfgerð m.t.t. riðuveiki. Aðkomuhrútar fyrir utan Hnokka, voru þeir Kópur 19-214 frá Sandfellshaga 1 og Gáttur 19-151 frá Bjarnastöðum.

Ytri-Skógar, Eyjafjöllum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Steðji	20-671	Stapi	16-829	102,9	133,3	119,2	118,5	19,1	11,0	5,9	30,8	2,3	17,7	141,9
Grettir	20-666	Glámur	16-825	102,3	117,9	122,9	114,4	19,0	11,2	6,9	31,2	2,5	17,7	139,8
Teigur	20-668	Völlur	18-835	100,4	111,8	111,3	107,8	18,8	10,8	6,8	30,2	2,5	17,9	142,9
Hamur	20-669	Spakur	14-801	101,6	96,4	105,6	101,2	19,0	10,3	7,2	30,4	2,8	17,9	141,5
Bætir	20-670	Kostur	19-849	104,3	94,0	94,6	97,6	19,3	10,3	7,2	30,0	2,9	17,9	145,4
Klerkur	20-672	Gæskur	18-624	90,3	95,0	101,1	95,5	17,8	10,2	6,9	30,3	2,6	17,5	143,0
Hagur	20-667	Kostur	19-849	102,6	78,6	78,7	86,6	19,1	9,4	7,2	29,5	3,1	17,8	143,5
Stólpi	20-673	Stapi	16-829	97,2	76,8	69,9	81,3	18,5	9,6	7,2	29,3	3,1	17,5	144,3
							Meðalt	18,8	10,3	6,9	30,2	2,7	17,7	142,9

Forsendur: Niðurstöður, bæði úr líflambaskoðun og úr kjötmatshlutanum, byggja eingöngu á hrútlömbum sem eru gengnir tvilembingar. Sláturgögn frá 1. október 2021.

Hér var eins og jafnan áður samanburður eingöngu á veturgömlum hrútum. Efstur í heildareinkunn stóð Steðji 20-671 undan Stapa 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri 2. Afkvæmi hans eru áberandi fitulítill í þessum samanburði en um leið mjög vel gerð og fallþungi sláturlamba dálítið yfir meðaltali. Steðji sem nú hefur fengið númerið 20-879 fór beint í þjónusta stöðvanna. Móðir Steðja er sonardóttir Jókera 12-924 frá Laxárdal 1. Grettir 20-866 sonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti fylgdi Steðja fast eftir í þessum samanburði. Grettir átti þann dætrahóp sem mældist með þykkastan bakvöðva. Sláturlambahópurinn undan honum var jafnframt best gerður en afkvæmi hans voru á meðaltali hvað fitu varðaði. Grettir er mórauður og hefur hann nú fengið númerið 20-877 og kominn í þjónustu stöðvanna. Í ættartré móður hans er ekki að sjá stöðvahrúta fyrr en í þriðja lið en þá eru þeir líka fjórir, þ.e. Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum, Bekri 12-911 frá Hesti, Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum og Tinni 15-968 sem héðan var fenginn á sínum tíma. Teigur 20-668 undan Velli 18-835 frá Snartarstöðum 2 kom svona næstur þessum félögum og sýndi hann nokkra yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Móðir Teig er dóttir Nála 15-806 frá Oddsstöðum.